

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. janúar 2010 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna Eyrartraðar 8. Breytingin felst í að lóðinni Eyrartröð 8 er skipt í tvær lóðir, Eyrartröð 8 og Grandatröð 12. Jafnframt er byggingarreitur Grandatraðar 12 stækkaður. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 23. febrúar 2010,*

**Málfríður Kristjánssdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2010